

Umsögn Rangárþings ytra

Til : Skipulagsstofnun - SLS;Jakob Gunnarsson - SLS
Frá : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Heiti : Umsögn Rangárþings ytra
Málsnúmer : 202002060
Málsaðili : Rangárþing ytra
Skráð dags : 12.10.2021 11:26:17
Höfundur : Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Viðhengi image002.jpg
image001.jpg

Góðan dag

Hér er afgreiðsla skipulagsnefndar á erindi þínu frá fundi nefndarinnar í gær. Birt með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar, en fundur þeirra verður næstkomandi fimmtudag 14. október.

1705027 - Landmannalaugar, Mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarstjórnar um mat á umhverfisáhrifum uppbyggingar í Landmannalaugum skv. 10. gr. laga nr. 106/2000. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015. Í umsögn skal umsagnaraðili gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Skipulagsnefnd telur að greinilega sé brugðist við þeim áhrifum sem umrædd framkvæmd kunnari að hafa á umhverfi sitt með þeim hætti að ekki verði um veruleg neikvæð áhrif að ræða. Skipulagsnefnd telur að fullnægjandi grein sé gerð fyrir framkvæmdinni í framlagðri matsáætlun. Umhverfisáhrif hafa verið lágmerkðuð með fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktun.

Með kveðju,



RANGÁRÞING YTRA

Haraldur
Birgir
Haraldsson
Skipulags- og
byggingafulltrúi

Sími 4887000
Heimasíða
www.ry.is
Facebook
[/rangarthing-ytra](https://www.facebook.com/rangarthing-ytra)
Suðurlandsvegi 1-
3, 850 Hella



HEILSUEFLANDI SA Rangárþing y

vellíðan fyrir al

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 7. desember 2021
Tilv. 2021-10-11-2571/2.4.1

Efni: Varðar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum

Með tölvupósti þann 8. október leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi matsáætlun fyrir fyrirhugaða þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir tengjast ekki þekktum veiðivötnum. Það er þekkt að fiskar finnast í lækjum við Landmannalaugar en engin veiði er stunduð þar og varða fyrirhugaðar framkvæmdir ekki veiðihagsmuni.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

jakob.gunnarsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Selfossi, 16. nóvember 2021
2111073HS SG

Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalsugum - Umsögn um matsáætlun

Þann 8. október sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðar þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum.

Um er að ræða endurbyggingu og frekari uppbyggingu á svæðinu í Landmannaugum og á svæðinu við Námshraun við Sólvang. Ferðafélag Íslands rekur aðstöðu fyrir ferðamenn og útivistarfólk í Landmannalaugum. Lögð er áhersla á að meginþungi þjónustunnar færist norður fyrir Námshraum og dagaðstöðu norður fyrir rNámskvísl og þannig hlífa viðkvæmu svæði við Laugajraun. Markmið framkvæmdar er að styrkja ímynd Landmannalauga og raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.

Flatarmál svæða sem fara undir ný mannvirki er áætlað 4.900 m² og er um að ræða fjölda nýrra bygginga eða um 18-20 hús/skýli, auk upplýsingaskilta, tjaldsvæðis og bílastæða, sem ná samtals yfir um 17.000 m². Núverandi tjaldsvæði við skála FÍ verður afmarkað fyrir gönguhópa eingöngu og að hámarki fyrir 30 hefðbundin viðlegutjöld. Öll mannvirki á svæðinu, önnur en skáli FÍ, verða fjarlægð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

1. Ekki kemur skýrt fram hversu mörgum ferðamönnum svæðið og uppbyggingin á að þjóna. Áætlunin byggir á gömlum upplýsingum og bent er á að tölur sem áætlunin miðast við eru a.m.k. 5-8 ára gamlar. Mikilvægt er að áætlaður gestafjöldi sé raunhæfur miðað við nýjustu raunupplýsingar og spár um fjölda ferðamanna til að tryggj sé að innviðir geti annað þeim fjölda sem sækir svæðið. Á stöðum sem þessum getur komið hátt púlsalag á innviði, t.d. á salerni.
2. Ekki kemur fram fjöldi gesta sem móttökuhús við Jökulgíslskvísina á að geta þjónað. Jafnframt eru misvísandi upplýsingar t.d. um fjölda gistiþlássna í skála FÍ og fjölgun gistiþlássna á svæðinu í heild með nýjum skálum fyrir gesti í gistingu.
3. Færa þarf rök fyrir staðarvali fyrir 18-20 nýbyggingar af ýmsum stærðum, tjaldsvæði, bílastæði, stíga, skilti, varnargarða og vegi á öröskuðu svæði.



4. Skýra þarf ástæður þess að nauðsynlegt þyki að fá undanþágu frá gr. 5.3.2.14 skv. skipulagsreglugerð 90/2013, varðandi baðhús og móttökuhús við Jökulgilskvísl, þ.e. að húsin þurfi að standa nær ánni en 50 m.
5. Varðandi manngerða laug/pott, þarf að koma fram hvaðan vatnið komi og þarf jafnframt að vanda uppbyggingu laugarinnar til að hún geti fallið undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Sérstaklega er bent á það sem segir í 3. gr. undir: Skilgreiningar:


Afþreyingarlaug: Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steyppt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennsli frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug.

6. Bent er á að það að bregðast við ásókn ferðamanna á afmörkuðu svæði sem talið er viðkvæmt fyrir ágangi með því að bæta enn frekar aðgengi, aðstöðu og þjónustu og skapa með því nýtt aðdráttarafli fyrir gesti sem velja að dvelja þar í aðeins stuttan tíma, nær tæplega markmiði framkvæmdarinnar um að minnka álag á svæðinu. Gera þarf grein fyrir öðrum valkostum sem til greina gætu komið til að bregðast við núverandi ástandi.
7. Fjalla verður um efnistöku og haugsetningu, þ.e. hvað, hvar og í hvaða magni og áhrif efnistöku og haugsetingar á umhverfið.

Að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda og ábendinga telur embættið að tillagan geri að öðru leyti nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í frummatsskýrslu. Embættið áskilur sér hins vegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir veitingastöðum og gististöðum, sund- og baðstöðum og baðstöðum í náttúrunni sem falla í 1. og 2. flokk starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindum lögum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 8. nóvember 2021
MÍ202111-0038/ 6.07 / K.M.

Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Minjastofnun Íslands hefur móttakið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 8. okt. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Rangárþing ytra áformar að ráðast í endurbyggingu og frekari uppbyggingu á svæðinu í Landmannalaugum og á svæðinu við Námshraun. Fyrirhugað framkvæmdasvæði Landmannalauga nær yfir Landmannalaugasvæðið sem er um 182 ha og er í um 500 m hæð yfir sjávarmáli. Það nær yfir núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum og næsta nágrenni á um 500-800 m breiðu svæði frá mynni Grænagils í suðri og norður fyrir vegamót Fjallabaksleiðar nyrðri og Landmannalaugavegar. Í dag er meginþjónustukjarninn undir Laugahrauni en lögð er áhersla á að færa meginþunga þjónustu norður fyrir Námshraun og dagaðstöðu norður fyrir Námskvísl og hlífa þannig viðkvæmu svæði við Laugahraun. Framkvæmdin felst m.a. í uppbyggingu mannvirkja s.s. húsa, palla, skýla brúa, og timburstíga.

Í kafla 2.2.5 er fjallað um rafmagn. Þar segir að a.m.k. þrjár leiðir komi til greina til að tengja Landmannalaugasvæðið við lagnakerfi RARIK. Lagnaleiðirnar sem mögulegt er að fara eru frá 13 km og upp í 30 km. Í matsáætluninni kemur fram að skoðað þurfi lagnaleiðirnar mun betur áður en valið er á milli þeirra. Minjastofnun minnir á að hafa þarf samráð við Minjastofnun um val á lagnaleið fyrir rafmagn. Stofnunin ákveður hvort þörf verður á að skrá fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið áður en framkvæmdir við lagningu strengs geta hafist.

Í kafla 3.3.4 er fjallað um verndarsvæði. Innan verndarsvæðis Landmannalauga eru ýmis mannvirki sem skv. 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) teljast til fornleifa.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.4.4 í matsáætlun. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á svæðinu. Tekið verður tillit til


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi stíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

skráðra fornleifa og ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum nær fornleifum en 100 m. Núverandi stígur sem liggur nær fornleifum verður þó lagfærður. Fram kemur að í umhverfisskýrslu verði gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar, lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsyn krefur.

Árið 2008 kom út skýrsla Fornleifaverndar ríkisins, *Torfajökull og umhverfi. Forleifaskráning*. Höfundar skýrslunnar eru þau Magnús A. Sigurðsson og Sólborg Una Pálsdóttir. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum í Landmannalaugum. Vakin er athygli á að í heimildaskrá í matsáætlun er skýrsla Fornleifaverndar, *Geysir: Fornleifaskráning*, ranglega talin upp í stað áður nefndrar skýrslu.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands*. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands*.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

UMSÖGN NÍ - Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Til : Jakob Gunnarsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Snorri Sigurðsson - NI
Heiti : UMSÖGN NÍ - Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum
Málsnúmer : 202002060
Málsaðili : Rangárþing ytra
Skráð dags : 15.11.2021 15:52:34
Höfundur : Snorri Sigurðsson - NI
Viðhengi image002.png
image001.jpg
image003.png

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlunina. Við þökkum viðbótarfrest sem var veittur til að vinna umsögnina.

Tilvísun í mál nr. 202110-0011 (LA).

Við er í bréf dags. 8. október 2021 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tillögu að matsáætlun um þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði inn umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar 24. mars 2017 (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/tillaga_ad_deiliskipulagi_fyrir_landmannalaugar_i_rangarthingi_ytra) og umsögn um drög að tillögu að matsáætlun fyrir þjónustumiðstöð í Landmannalaugum 22. nóvember 2019 (https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/drog_ad_tillogu_ad_matsaetlun_fyrir_landmannalaugar.pdf) Í þessum umsóknum er m.a. bent á hversu einstakt friðland að Fjallabaki er á lands- og heimsvísu og að svæðið er skráð á yfirlitsskrá Íslands sem mögulegt heimsminjasvæði UNESCO (<https://whc.unesco.org/en/tentativelists/5817/>). Í þessari tillögu að matsáætlun eru ekki gerðar miklar breytingar frá fyrri tillögum fyrir utan tilfærslu úr Sólvangi að hraunjaðri Námshrauns. Í henni er lýst fyrirhugaðri framkvæmd innan friðlandsins sem snýr að innviðauppbýggingu fyrir ferðamenn á áður lítt röskuðu eða óröskuðu svæði. Ráðgerðar framkvæmdir eru þjónustubýggingar, tjaldsvæði, bílastæði, göngustígar, setlaug og auk þeirra nýir varnargarðar, raf- og vatnslagnir, rotþrær og breytingar á vegum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að matsáætlun og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í töflu 2, bls. 7, vantar að nefna leyfi frá Umhverfisstofnun. Í auglýsingu um friðlandið (Stj.tíð. B, nr. 354/1979, https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/fjallabak_354_1979.pdf) stendur í 5-lið um gildandi reglur: „Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki [Umhverfisstofnunar]. Um valdsvið sveitarstjórna hvað snertir mannvirkjagerð og jarðrask fer eftir 17. gr. náttúruverndarlaga og ákvæða skipulagslaga nr. 19/1964 með breytingum, skv. 1. gr. laga nr. 25/1972 og 1. gr. laga nr. 36/1978. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning stærð og gerð mannvirkja háð leyfi stofnunarinnar.“ Og jafnframt „Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.“

Mynd 8, bls. 15, sýnir yfirlit yfir framkvæmdasvæðið. Sýna þarf nákvæmt kort af skipulagi framkvæmdasvæðisins, þ.e. við Námshraun, Námskvísl og við Laugahraun, þar sem sýndir eru, eftir því sem við á, byggingareitir, bílastæði, göngustígar, varnargarðar, breytingar á vegum, rotþrær, lagnaleið rafstrengs í jörðu, ásamt lögnum fyrir

heitt og kalt vatn inn á framkvæmdasvæðið.

Á mynd 8 sést að byggingareitur (gulur litur) liggur upp að hraunjaðri Námshrauns sem skapar hættu á að hraunið verði fyrir raski og ágangi ferðamanna. Fyrir utan það breyta byggingar ásynd svæðisins með því að skyggja á tilkomumikinn jaðar hraunsins, en Námshraun er metið með hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Sama á við um byggingareit sunnan við Námshraun. Útbúa þarf ásyndarmyndir af framkvæmdarsvæðunum sem sýna hvernig fyrirhugaðar byggingar og varnargarðar falla inn í landslag svæðisins. Á bls. 34 kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verða myndir „... þar sem mannvirki hafa verið felld inn á ljósmyndir af svæðinu miðað við stöðuna fyrir breytingar og mögulega uppbyggingu í Námshrauni.“ Einnig þarf að sýna slíkar myndir af breytingum ásyndar við Námssvísl þar sem fyrirhugað er að breyta farvegi árinnar og byggja varnargarð.

Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér mikla efnistöku er varðar byggingu varnargarða, bílastæða og vega. Gera þarf betur grein fyrir efnisþörf og fyrirhugaðri staðsetningu efnisnáma varðandi framkvæmdina. Gera þarf grein fyrir hæð varnargarða og gerð þeirra. Náttúrufræðistofnun vill itreka fyrri ábendingar um hátt verndargildi ljósu líparít áreyranna sem eru einstakar á landsvísu og enn fremur telur stofnunin afar óæskilegt að fara í efnisnám innan friðlandsins þar sem um friðlýst svæði er að ræða og vegna mikilvægi jarðminja og landslagsásýndar innan þess.

Á bls. 17 stendur „*Gatnamót þessara vega verða færð litillega til austurs en með því er fengin betri opnun inn Landmannalaugar og öruggari gatnamót.*“ Gera þarf betri grein fyrir breytingum á veg og sýna á korti.

Á bls. 19 stendur „*Þegar svæðið verður fullbyggt þá er gert ráð fyrir 220 bílastæðum fyrir fólksbíla, 10 stæðum fyrir stóra bíla og 20 stæðum fyrir rútur.*“ Í dag er Fjallabaksleið nyrðri varla fær fólksbílum og því telur Náttúrufræðistofnun að það þurfi að koma fram í umhverfismatsskýrslu hvort til standi að gera Fjallabaksleið færa fólksbílum. Ef svo er, má búast við verulegri fjölgun gesta inn á svæðið. Gera þarf grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða er áætlað að grípa til ef gestafjöldi í Landmannalaugum verður það mikill að þolmörk náttúruverndarsvæðisins stafar hætta af og við slíkar mögulegar aðstæður hvernig mun samstarfi háttáð við Umhverfisstofnun sem fer með umsjón með friðlandinu. Gera þarf grein fyrir hvernig framkvæmdin samræmist stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/fridland-ad-fjallabaki/stjornunar-og-verndaraetlun/>).

Á bls. 19 er fullyrt að næturgestum í Landmannalaugum hafi ekki fjölgað síðustu 10 árin en ekki vitnað í heimildir því til staðfestingar. Vitnað er í tölur Ferðafélags Ísland frá 2014 að gisting ferðamanna hafi verið samtals 16.629 manns, þar af 4428 í skála en 12.201 í tjaldi. Í áætlun Ferðamálastofu fyrir árið 2016 sem nefnd er á bls. 18, er talið að gestir í Landmannalaugum hafi verið um 141.700 manns. Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að gera nákvæmari úttekt á núverandi fjölda og áætlaðri fjölgun ferðamanna í Landmannalaugum með tilkomu nýrrar þjónustumiðstöðvar. Eins þarf að kanna þolmörk friðlandsins sem byggir á nýlegum rannsóknum. Til stendur að bæta úr þessu að einhverju leiti í umhverfismatinu með nýrri rannsókn frá 2019.

Á bls. 19 stendur: „*Gistiplássum verði fjölgað úr 78 í 120 þegar hámarksuppbygging hefur orðið á svæðinu en uppbyggingin er áætluð í fjórum áföngum. Inni í þessum tölum er skáli Ferðafélags Íslands en verða gistipláss fyrir ferðamenn innan skipulagssvæðisins aldrei fleiri en 120. Ef gistináttanýting verður sú sama og virðist vera hjá Ferðafélaginu þá má áætla að það verði 6812 manns í skála yfir árið þegar svæðið verður fullbyggt.*“ Náttúrufræðistofnun telur þessar tölur ekki ganga upp og þurfi að skoða betur í ljósi þess að skáli Ferðafélags Íslands verður áfram með gistingu fyrir 78 manns og fyrirhuguð bygging gestaskála við Námshraun er áætluð að taki 120 manns auk gistingu fyrir 28 starfsmenn. Þetta gerir samtals gistipláss fyrir 226 manns en ekki 120. Sama má segja um áætlun um fjölda ferðamanna á tjaldsvæðum og í húsbílum þar sem „*Gert er ráð fyrir óverulegri eða engri fjölgun ferðamanna í tjaldgistingu*“. Koma þarf skýrt fram hvort til stendur að leggja niður tjaldsvæðið við skála Ferðafélags Íslands. Á bls. 19 kemur fram: „*Að hámarki er pláss fyrir 30 tjöld við skála Ferðafélags Íslands, 150 tjöld við Námshraun og 50 húsbíla, sem má segja að pláss sé að algjör hámarki fyrir 500 manns.*“ Náttúrufræðistofnun telur að rökstyðja þurfi betur óverulega eða enga fjölgun ferðamanna í tjaldgistingu út frá þessum tölum.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð betri grein fyrir vatnstöku, bæði heita og kalda vatnsins, innan svæðisins og lagnaleiðum að framkvæmdasvæðinu. Eins þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum á grunnvatnstöðu svæðisins samfara aukinni vatnstöku. Lægri grunnvatnsstaða gæti haft alvarlegar afleiðingar á votlendið og eins jarðhitalaugina við Laugahraun. Í tillögum er ekki fjallað um nýjar borholur vegna vatnstöku, en gera þarf grein fyrir þeim ef slíkt er fyrirhugað.

Á bls. 23 stendur „*Reiknað er með að færa Námskvísl nokkuð frá hliðinni þar sem fyrirhugað er að koma fyrir byggingum. Er færslan mest um 20 metra, mælt í miðju farvegum og er nýr farvegur um 150 m langur.*“ Á bls. 39 er talað um tilfærslu á Jökulgilskvísl og líklega er um Námskvísl að ræða þar sem hún rennur út í Jökulgilskvísl. Þetta þarf að vera ljóst og sýna þarf hvar tilfærslan er, umfang breytinga á árfarveginum og lýsa framkvæmd. Náttúrufræðistofnun bendir enn og aftur á að allar breytingar og rask á náttúrufari eru óæskilegar innan friðlandsins. Gera þarf grein fyrir því raski sem þessi framkvæmd kemur til með að valda ásamt uppbyggingu varnargarða, hæð þeirra, gerð og efnisþörf.

Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á nýrri úttekt á vistgerðum svæðisins en ljóst er að nýir pallar frá Námskvísl yfir að jarðhitalauginni munu hafa áhrif á viðkvæman votlendis- og jarðhitagróður. Þarna eru bæði starungsmýrarvist og mýrarhveravist sem eru með mjög hátt verndargildi og skilgreindar sem forgangsvistgerðir (Olga Kolbrún Vilmundardóttir, o.fl. 2019 <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>). Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir þjónustu- og göngupöllum við votlendið fyrir framan Laugahraun og mögulegu raski sem fylgir þeim framkvæmdum. Þá er æskilegt að plöntur séu skoðaðar þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir verða og að vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna verði ekki raskað (<https://vistgerdakort.ni.is/>).

Varðandi fugla er hér um að ræða friðlýst svæði þar sem fuglalífið er um margt sérstætt. Langt er liðið frá því fuglaathuganir fóru fram síðast í Landmannalaugum og því telur Náttúrufræðistofnun þörf á að fram fari heildarúttekt á varptíma svo grunnástandið sé þekkt fyrir mögulegar breytingar innan svæðisins í framtíðinni.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að við mat á umhverfisáhrifum sé gerð grein fyrir núll kosti, þ.e. að engin framkvæmd eigi sér stað á svæðinu við Landmannalaugar og að einnig sé gerð grein fyrir þeim möguleika að uppbygging innviða fyrir ferðamenn fari fram á núverandi skálasvæði þar sem til staðar eru varnargarðar og yfirborði svæðisins hefur verið meira eða minna raskað í gegnum tíðina.

Á bls. 8 stendur „*Markmið framkvæmdarinnar er að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.*“ Þetta markmið stenst ekki þar sem verið er að fara í uppbyggingu á áður óröskuðu svæði innan friðlands. Nýjar byggingar (rúmlega 1600 m²) og varnargarðar munu hafa í för með sér rask og ásýndabreytingar þegar komið er inn í Landmannalaugar og draga úr verndargildi jarðminja eins og líparít áreyrunum og Námshrauni. Þá er ekki fyrir séð hvaða áhrif aukin vatnstaka mun hafa á svæðið við Laugahraun.

Samantekt úr því sem fram hefur komið og sem Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að komi fram í umhverfismatsskýrslu:

- Skipulagsuppráttur af framkvæmdasvæðinu sem sýnir staðsetningu bygginga, bílastæði, göngustíga, ásamt lagnaleiðum vatns og rafmagns og staðsetningu rotþróa
- Teikningar á korti sem sýna nýja vegi og varnargarða, sneiðmyndir sem sýna hæð þeirra og gerð og gera grein fyrir framkvæmdum þeim tengdum s.s. stíflun árfarvega, vinnuslóðar o.fl.
- Gera þarf grein fyrri tilfærslu á Námskvísl og sýna á korti
- Gera þarf grein fyrir efnistökusvæðum vegna framkvæmda bæði innan og utan friðlandsins
- Ljósmyndir sem sýna ásýnd framkvæmda á landslag við Námskvísl og Námshraun
- Gera þarf grein fyrir bættum fólksbílafærum vegum á Fjallabaksleið nyrðri miðað við að bílastæði við Landmannalaugar taki við 220 fólksbílum
- Gera þarf grein fyrir núverandi fjölda næturgesta í skála og tjöldum og áætlun um gistinætur eftir að uppbyggingu lýkur
- Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila til verndar náttúru ef gestafjöldi fer yfir þolmörk svæðisins
- Gera grein fyrir samstarfi við Umhverfisstofnun sem hefur umsjón með friðlandinu og hvernig stjórnunar- og

- verndaráætlun friðlandsins samræmist fyrirhugaðri framkvæmd
- Gera þarf grein fyrir áætlaðri aukningu í vatnstöku, bæði heitt og kalt vatn, og möguleg áhrif á grunnvatnsstöðu, votlendi og jarðhitalaug
 - Gera grein fyrir framkvæmdum í tengslum við lagnaleiðir rafmagns og vatns
 - Gera þarf grein fyrir núll kosti, þ.e. engar framkvæmdir, og einnig öðrum kosti þ.e. að innviðaupbygging verði á svæðinu við núverandi skála
 - Kanna þarf áhrif uppbyggingu palla yfir votlendi- og jarðhitasvæði og skoða þarf plöntur þannig að vaxtarstöðum sjaldgæfra plantna verði ekki raskað
 - Gera þarf heildarúttekt á fuglalífi yfir varptíma svo grunnástand svæðisins sé þekkt og út frá því hægt að meta mögulegar breytingar í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jakob Gunnarsson - SLS"
To: "Snorri Sigurðsson - NI"
CC:
Subject: RE: Re: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum
Date: 5.11.2021 11:13:56

sæll

Það er auðsótt Snorri

Kveðja

Jakob Gunnarsson
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jakob.Gunnarsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2021
UST202110-094/A.Þ.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – tillaga að matsáætlun – þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Rangárþing ytra áformar að ráðast í endurbyggingu og frekari uppbyggingu á svæðinu í Landmannalaugum og á svæðinu við Námshraun við Sólvang. Núverandi meginþjónustukjarni er undir Laugahrauni en ráðgert er að færa meginþunga þjónustunnar norður fyrir Námshraun og dagaðstöðu norður fyrir Námskvísl.

Í tillögunni segir að markmið framkvæmdarinnar sé að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins.

Mat á umhverfisáhrifum

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að þeir þættir framkvæmdar sem geta haft umhverfisáhrif eru einkum eftirfarandi: byggingar, aðstaða við tjaldstæði, baðaðstaða, timburpallar, bílastæði, áningarstaður og varnargarður.

Þeir umhverfisþættir sem talið er að geti orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og ráðgert er að fjalla um í umhverfismatsskýrslu eru eftirfarandi: útivist og ferðaþjónusta, ásýnd og landslag, landnotkun, fornleifar, gróður og jarðvegur, jarðmyndanir, vatnafar og fuglalíf.

Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á að Landmannalaugar eru innan Friðlandsins að Fjallabaki sem var friðlýst árið 1979. Megineinkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins.

Umhverfisstofnun fer með umsjón og rekstur friðlandsins. Á svæðinu starfar sérfræðingur Umhverfisstofnunar í heilsársstöðu auk landvarða yfir sumartímann. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum í auglýsingu um friðlýsingu Fjallabaks nr. 354/1979 er öll mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu háð samþykki

Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að í töflu 2 í kafla 1.5 um leyfi kemur ekki fram að leyfi stofnunarinnar þurfi fyrir byggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum.

Heimsminjaskrá UNESCO

Umhverfisstofnun bendir á að Torfajökulssvæðið er á tillögulista ríkisstjórnarinnar um svæði á heimsminjaskrá UNESCO. Í rökstuðningi sínum segir umhverfis- og auðlindaráðuneytið að landslag Torfajökulssvæðisins sé einstakt hvað varðar fegurð frá náttúrunnar hendi og að hin fjölbreytilegu svæði hafi orðið til vegna eldvirkni, jarðhita, jökla og árframburðar. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að ekki sé gengið á þá auðlind sem lítt snortin náttúra, víðernin og fjölbreytt landslag er. Því er mikilvægt að allar framkvæmdir við Landmannalaugar hafi ekki neikvæð áhrif á það landslag sem þar er að finna. Stofnunin telur að í umhverfismati skuli metin áhrif framkvæmdanna á Torfajökulssvæðið og hugsanleg áhrif framkvæmdanna á skráningu á heimsminjaskrá UNESCO.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun bendir á að í mars sl. kom út stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki sem var unnin í nánu samstarfi við Rangárþing ytra og ýmsa aðra hagsmunaaðila. Í matsáætluninni kemur fram að áætlunin sé í vinnslu, en rétta er að hún hefur verið gefin út.

Stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er stjórnþæki þar sem lögð er fram stefna um verndun svæðisins, hvernig viðhalda skuli verndargildi þess og hver framtíðarsýn fyrir svæðið er. Í kaflanum um markmið og stefnu í stjórnunar- og verndaráætluninni er lögð áhersla á mikilvægi þess að samræmi sé á milli skipulagsáætlana innan friðlandsins og stjórnunar- og verndunaráætlunar.

Í kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar um innviði, mannvirki og umferð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að fjölga þjónustusvæðum innan friðlandsins. Umhverfisstofnun telur að með því að hafa gistingu í skálum og tjöldum áfram í Landmannalaugum undir Laugahrauni og norðan megin við Námshraun sé verið að fjölga þjónustusvæðum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sú þjónusta sé á einum stað til að skerða ekki enn frekar óbyggðaupplifun á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samræmi sé á milli matsáætlunarinnar og þeirri stefnu sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í heild sinni.

Ástandsmat ferðamannastaða

Árið 2019 tók Umhverfisstofnun í gagnið nýtt verkfæri til að meta ástand ferðamannastaða innan friðlýstra svæða. Eitt þeirra svæða sem er metið árlega er Landmannalaugar. Svæðið er á appelsínugulum lista samkvæmt ástandsmati frá árinu 2020 sem þýðir að svæðið er undir álagi vegna ferðamennsku og útivistar. Svæðið er í hættu á að tapa verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til að afstýra því. Svæðið var áður á rauðum lista, en með aukinni landvörslu og stýringu á umferð um svæðið hefur tekist að draga úr álagi á náttúru svæðisins.

Vegna þess hve viðkvæmar jarðminjar og lífríki er að finna á svæðinu er mikilvægt að áhersla sé lögð á stýringu umferðar gesta svæðisins og þar sem Umhverfisstofnun er

umsjónaraðili svæðisins er það á ábyrgð stofnunarinnar að stýra umferð um svæðið. Því er mikilvægt að framkvæmdirnar styðji við markmið Umhverfisstofnunar um álagsstýringu, þ.e. að gestir svæðisins hafi tækifæri til að upplifa það markverðasta sem svæðið hefur upp á að bjóða án þess að gengið sé á verðmæti þess.

Gistirými

Í umfjöllun um skála Ferðafélags Íslands í matsáætlun er gert ráð fyrir áframhaldandi gistingu í skálanum þar sem gistirými er fyrir 78 gesti. Við skálann er gert ráð fyrir tjaldstæði fyrir allt að 30 tjöld á 1.500 m² svæði. Þá er einnig gert ráð fyrir að byggt verði við skálann 60 m² snyrtiaðstaða.

Umhverfisstofnun telur að það stangist á við þá hugmynd sem deiliskipulag Landmannalauga byggðist á í upphafi, þ.e. að endurheimta tilfinningu fyrir ósnortnum víðernum hálendisins á svæðinu við Laugahraun eins og kemur fram í kafla 3.3.2 í matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að orðalagið „ósnortin víðerni“ sé ekki lýsandi fyrir þær framkvæmdir og það skipulag sem áætlað er á svæðinu.

Bílastæði

Í matsáætlun er gert ráð fyrir samtals 30 bílastæðum fyrir rútur og 190 stæðum fyrir einkabíla á þremur stöðum, við Námskvísl, við áningarstað vestan Námskrauns og við Námskraun, auk 50 stæða fyrir húsbíla.

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsögn stofnunarinnar um deiliskipulag fyrir Landmannalaugar og telur að meta þurfi nánar þörf fyrir fjölda rútu- og bílastæða á svæðinu. Stofnunin bendir á að ökutæki geta verið mjög áberandi og ákvarðanir um fjölda bílastæða er ein leið stýringar á umferð um svæðið. Umhverfisstofnun telur að í umhverfismati ætti að meta áhrif bíla og bílastæða á ásýnd og upplifun og bera saman við annan valkost um færri stæði.

Óbyggðaupplifun

Ein megineinkenni friðlandsins eru ósnortin víðerni og kyrrð. Árið 2019 var gerð þolmarkagreining í Landmannalaugum þar sem kannað var viðhorf ferðamanna til ýmissa þátta er varða innviði og upplifun. Niðurstöður greiningarinnar sýna að langflestir ferðamenn sem heimsækja svæðið telja ósnortin náttúruleg víðerni vera hluta af aðdráttarafli svæðisins. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir stuðli að varðveislu óbyggðaupplifunar í Landmannalaugum. Stofnunin telur að skoða ætti áhrif framkvæmdanna á óbyggðaupplifun í umhverfismati.

Náttúrulaug

Umhverfisstofnun bendir á að um baðstaði í náttúrunni gildir reglugerð nr. 460/2015.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur jákvætt að áætlað sé að endurskipuleggja og bæta þjónustusvæðið við Landmannalaugar til að verndargildi þess rýrni ekki. Álag hefur lengi verið á svæðinu en nú hafa Landmannalaugar færst af rauðum lista yfir á appelsínugulan með aukinni landvörslu og stýringu. Mikilvægt er að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki neikvæð áhrif á ástand svæðisins heldur styðji við áætlanir um að bæta ástandið og ásýnd svæðisins enn betur. Því telur stofnunin að þjónustan fyrir næturgesti ætti að vera öll á



UMHVERFIS
STOFNUN

einum stað en ekki dreifð eins og fyrirhugað er í matsáætlun til að skerða ekki enn frekar óbyggðaupplifun á svæðinu.

Í umhverfismati þarf að vera skýrt hver sé áætlaður fjöldi gesta og bílastæða. Þannig er hægt að meta raunveruleg áhrif framkvæmdanna og umferðar um svæðið í kjölfar þeirra.

Stofnunin telur auk þess mikilvægt að framkvæmdirnar séu í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun og skipulagsáætlanir. Mikilvægt er að framkvæmdirnar hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins eða tilnefningu á heimsminjaskrá UNESCO.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Fullgild raftræn undirskrift

BJÖRN STEFÁNSSON
2021-11-19 09:50:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild raftræn undirskrift

AGNES ÞORKELSDÓTTIR
2021-11-19 09:52:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsstofnun
bt. Jakobs Gunnarssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is jakob.gunnarsson@skipulag.is

Dags. 09.11.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0027
0.5.1

Með erindi dags. 8. október sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um matsáætlun um framkvæmd varðandi þjónustumiðstöð í Landmannalaugum.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands hefur til þessa sent Skipulagsstofnun tvær umsagnir vegna undirbúnings umhverfismats sem snýr að endurbyggingu og frekari uppbyggingu á svæðinu í Landmannalaugum, dags. 6. júní 2017 og 2. desember 2019. Ennfremur var Rangárþingi ytra send umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags fyrir Landmannalaugar, dags. 23. ágúst 2016 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar, dags. 16. febrúar 2017.

Veðurstofan telur að ekki hafi verið brugðist við þeim ábendingum er varða vatnavá (varnargarða) með fullnægjandi hætti. Hún bendir einnig á að þó gerð hafi verið grein fyrir vatnstöku, á enn eftir að gera grein fyrir áhrifum hennar á grunnvatnsstöðu (heitt og kalt vatn) og leitni hennar til lengri og skemmri tíma.

Í matsáætluninni segir: „Í umhverfismatsskýrslu verður einnig tekið á því hvaða áhrif tilfærsla Jökulgiðskvíslar á um 150 m kafla mun hafa á vatnafar og rofraft og mun sú rannsókn fara fram sumarið 2021 og mun Veðurstofan verða fengin í það verkefni.“ Ekki hefur verið leitað til Veðurstofunnar vegna þessa verkefnis og vinna við það því ekki hafin. Tilvísun sem þessi sendir öðrum umsagnaraðilum misvísandi skilaboð um stöðu verkefnisins.

Nauðsynlegt er að rekjanleiki allra niðurstaðna og ákvarðana sem fram komi í matsáætluninni sé til staðar. Til dæmis má nefna hönnunarforsendur fyrir varnavirkjum og upplýsingar um vatnsmagn í lindum. Þar segir: „Í tengslum við tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu þá var unnin rannsókn á vatnsnotkun fyrir ferðamannaþjónustu við Landmannalaugar. Stuðst verður við þessar upplýsingar í umhverfismatsskýrslu“. Vísa þarf í heimild þar sem þessar upplýsingar er að finna.

Einnig þarf nákvæmni kortsins á mynd 8 *Framkvæmdasvæðið fyrir Landmannalaugasvæðið* að vera mun meiri eða að öðrum kosti geta heimilda/vísa í tengil þar sem kort með betri upplausn er til staðar.

Veðurstofan vill ítreka að nauðsynlegt er að meta hættu vegna flóða í Jökulgiðskvísl, útbreiðslu þeirra og rofraft. Áin rennur meðfram hrauninu og mun renna meðfram varnargörðum sem áætlaðir eru í framhaldi af því. Líklegt er að hún byggji undir sig, sem mun þýða að hæð landsins yrði smám saman hærrí en utan við varnargarðana. Vatnsstaða í ánni er ekki rauntímavöktuð í dag. Ef rof yrði á varnargörðunum eða hrauninu mun flæða fyrirvaralaust yfir svæðið handan þeirra, en þar er t.d. áætlað að koma upp tjaldstæði þar sem fólk mun gista.

Í ljósi nýlegs grjóthruns sem átti sér stað í september 2021 og lokaði veginum að Landmannalaugum er mikilvægt meta hættu á slíku og taka tillit til þess við staðsetningu og hönnun mannvirkja.

Æskilegt er að gerðar verði viðbragðsáætlanir vegna náttúruvár. Þær þurfa að fela í sér viðbrögð við mismunandi vá og hvernig forðast megi slys. Í því samhengi er óásættanlegt að efnistaka verði úr hrauni á svæðinu ef skyndilega þarf að bregðast við.

Loks vill Veðurstofan leggja ríka áherslu á að metin verði hætta á vatnsflóðum og ofanflóðum á svæðinu.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Jakob Gunnarsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík
Jakob.Gunnarsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is



Efni: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum, umsögn um matsáætlun.

Landmannalaugarvegur (F224) er þjóðvegur sem liggur að Landmannalaugum. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á veginum á gildandi samgönguáætlun.



Síða 1/1

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsáætlun og telur að með samráði verði mögulegt að tryggja þá þætti sem snúa að starfssviði hennar. Viðhafa þarf sérstakt samráð vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar Landmannalaugarvegur (F224), rofvarna við hann, tenginga og bílastæða.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. nóv. 2021

Umsögn við matsáætlun v/ þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum

Stjórn Ferðafélags Íslands, FÍ vill með bréfi þessu koma á framfæri nokkrum ábendingum við matsáætlun vegna fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar norðan Námskrauns í Landmannalaugum. FÍ telur að flestar ábendingar sem félagið hefur lagt fram við drög að matsáætlun á fyrri stigum málsins hafi skilað sér inn í fyrirbyggjandi matsáætlun en en vill þó benda á nokkrar sem enn standa út af borðinu. Mikilvægt er að vandað verði til umhverfismatssskýrslu svo allar staðreyndir komi í ljós vegna þeirra stórfelldu breytinga sem fyrirhugaðar eru í Landmannalaugum.

Athugasemdir FÍ við matsáætlunina:

- Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana segir í d lið 4. gr. að matið skuli m.a. ná til efnislegra verðmæta. Ekkert er fjallað um efnisleg verðmæti í kafla 4. Í matinu þurfa að koma fram efnahagsleg áhrif breytinga og hver bæti FÍ eignatjón vegna niðurrifs fasteigna og förgunar þeirra.
- Bent skal á að ákveðnum hagsmunum FÍ kann að vera ógnað (sbr. ath. Fors.ráðuneytis um aðgang að lóðum á bls. 41). FÍ hefur starfað í Laugum frá árinu 1950 og því áunnið sér ákveðin réttindi út frá hlutverki sínu á sviði útivistar á Íslandi og þjónustu við ferða- og gangnamenn í Laugum. Því skilur FÍ það sem svo að athugasemd ráðuneytisins nái til nýrra lóða en ekki til skálavarðarhúss FÍ.
- FÍ tekur undir með NÍ um að færsla á Jökulgilskvísl geti haft ófyrirséðar afleiðingar. Einnig að Námskvísl verði leidd í stökk sbr. skýringarmynd á bls. 15. en kvíslin hefur um langt skeið runnið úr gilinu og sé því hnikað getur slík framkvæmd orsakað ófyrirséðar breytingar. Sjónræn áhrif þessara breytinga þarf einnig að meta.
- Í kafla 2.2.6 í matsáætlun er ekki getið um það hver áætluð þörf sé á heitu vatni til upphitunar á skálum eða nýju baðlóni. FÍ vill sérstaklega benda á að sé gengið um of á núverandi heitavatnslind er hætta á að núverandi baðlaug kólni og þar með hverfur eitt mesta aðdráttarafi svæðisins. Jafnframt er ósættanlegt að farið sé með veitulagnir alla þá leið sem lagt er til í áætluninni, með öllu því raski sem því fylgir.

Niðurstöður umhverfismatssskýrslu verða að lokum að standast þau viðmið sem ríkisstjórn Íslands setti á sínum tíma þegar ákveðið var að setja Torfajökulsöskjuna, og þ.m.t. Landmannalaugasvæðið, á lista náttúrusvæða sem stefnt er að koma á heimsminjaskrá UNESCO.

FÍ ítrekar fyrri skoðun sína, sem er sú, að farsælla væri að vinna lagfæringar á núv. ferðaþjónustusvæði sem þegar er numið, en að hefja nýtt landbrot norðan Námskrauns með uppbyggingu þjónustusvæðis. Færsla svæðisins kallar á aukið jarðrask og langar lagnaleiðir. Hafa verður í huga að rekstrarlegar forsendur í Laugum takmarkast við 3–4 mánuði á ári og ef ætlunin er að lengja tímabilið, t.d. með bættum samgöngum, eykst álag enn frekar á viðkvæm svæði. Dreifing þjónustumannvirkja er ekki talin hafa jákvæð áhrif á þjónustu við ferðamenn, auk þess sem verulega mun ganga á óskert víðerni með framkvæmd þessari. Óskert víðerni er auðlind sem varast ber að skerða. Ljóst er að fyrirhuguð uppbygging og færsla mun taka nokkurn tíma og verða kostnaðarsöm. Á meðan verður ástandið inni í Landmannalaugum óbreytt, en síðasta áratug hefur ekkert miðað í þeirri viðleitni að bæta ástandið. Segja má að Laugarnar séu og hafi verið um alllangt skeið í vissri gíslingu skipulagsferils og mikilvægt að finna tímabundna lausn á þeirri stöðu á meðan mál eru í skipulagsferli.

F.h. Ferðafélags Íslands,

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands

Afrit sent: Skipulagsstofnun, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir forstjóri og Jakob Gunnarsson á sviði umhverfismats, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbings ytra.

Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum - drög að tillögu að matsáætlun

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Jónas Guðmundsson <jonas@landsbjorg.is>
Heiti : Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum - drög að tillögu að matsáætlun
Málsnúmer : 202002060
Málsaðili : Rangárþing ytra
Skráð dags : 27.10.2021 14:54:14
Höfundur : Jónas Guðmundsson <jonas@landsbjorg.is>

Góðan og blessaðan daginn

Eftir að hafa lesið góð og ítarleg drög að matsáætlun fyrir þjónustumiðstöð eru nokkur atriði sem undirritaður vill koma á framfæri fyrir hönd Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Í fyrsta lagi þökkum við fyrir aðkomu okkar að þessari vinnu og ekki síður fyrir góða og vandaða vinnu sem tekur að því virðist vera á flestu eða öllu sem huga þarf að þegar „búa á til“ vandaðan áfangastað ferðamanna á hálendi Íslands enda eykur það um leið öryggi á svæðinu.

Gert er ráð fyrir fjórum starfsmannskálum sem hver á að rúma 4 - 10 manns. Í lýsingu kemur fram að fyrir framan þá á að vera bílastæði m.a. fyrir vaktbíla svæðisins s.s. hálendisvakt. Ekki er alveg ljóst hvernig skipting þessara starfsmannskála verður og því eru hér ítrekaðar óskir félagsins um góða aðstöðu fyrir þá sem manna hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar hverju sinni. Um er að ræða ca 10 vikna tímabil á hverju sumri (frá miðjun júní út ágúst) og þarf að vera gístiaðstaða fyrir lágmark 8 - 10 manns hverju sinni. Hálendisvaktin sinnir þúsundum ferðamanna á hverju sumri, innlendum sem erlendum. Atvikin eru allt frá föstum bílum í ám, skrárum og skurðum, týndu fólki upp í alvarleg atvik eins og endurlífgun og fleiru.

Að öllu jöfnu er um tvo hópa að ræða hverju sinni og því þarf að gera ráð fyrir bílastæðum fyrir 2 - 3 ökutæki hverju sinni.

Í matsáætluninni er komið inn á uppbyggingu nauðsynlegra innviða s.s. rafmagns og fleira og þar meðal annars vitnað í Snjóöldu. Í flestum atvikum hálendisvaktar og reyndar mörgum útköllum á svæðinu utan þess tíma sem hálendisvaktin er starfrækt eru góð fjarskipti nauðsynleg. Við staðsetningu skála/þjónustu þarf því að huga að því að fjarskipti þ.e. netsamband, farsímasamband, Tetra og VHF séu tryggð hvort sem notast verði við Snjóöldu eða aðra staði.

Að þessu sögðu þökkum við fyrir móttökur á ábendingum okkar sem koma fram á blaðsíðu 48 og 49 í matsáætluninni en viljum árétta ofangreint.

Bestu kveðjur/Best regards

Jónas Guðmundsson

Ferðamálafræðingur, BA, Rural Tourism

Slysavarnafélagið Landsbjörg

Icelandic Association for Search & Rescue

www.safetravel.is

www.landsbjorg.is

Umsögn um matsáætlun vegna þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum

Ég undirrituð Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, hef stundað rannsóknir á ferðamennsku í Landmannalaugum árin 2000, 2009, 2019 og 2020^{1,2,3,4}. Gögnin sem ég hef safnað byggja á spurningalistum sem tæplega þrjú þúsund ferðamenn hafa svarað og sextíu og fimm viðtölum við ferðamenn sem snúa að upplifun þeirra af svæðinu. Einnig hef ég í gegnum tíðina stundað sambærilegar rannsóknir á um tuttugu öðrum ferðamannastöðum á hálendinu þannig að í heildina hef ég svör frá um tíu þúsund ferðamönnum. Með hliðsjón af þessum gögnum vil ég gera eftirfarandi athugasemdir við matsáætlun vegna fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar norðan Námshrauns.

Rannsóknirnar sem ég hef unnið sýna að aðráttarafl Landmannalaugar felst fyrst og fremst í fjölbreyttri og ósnortinni náttúru, víðernum, takmörkuðum mannvirkjum og fámenni. Meirihluti gesta er ánægður með dvölinu í Landmannalaugum og ljóst er að náttúran spilar lykilhlutverk í að skapa jákvæða upplifun af svæðinu. Gestir eru einnig ánægðir með göngustíga sem og með skilti, merkingar og þjónustu. Ferðamenn eru ólíkir með tilliti til þess hvers konar þjónusta þeir telji að eigi að vera í boði í Landmannalaugum. Flestir ferðamenn í Landmannalaugum eru mjög ánægðir með framboð þjónustu á meðan aðrir óska eftir aukinni þjónustu og enn aðrir vilja hafa aðstæður enn frumstæðari en fyrir eru. Niðurstöðurnar gefa hins vegar skýrt í ljós að ferðamenn í Landmannalaugum vilja hafa sem fæst mannvirki á svæðinu og á tuttugu ára tímabili hefur þróunin verið í þá átt að þeir vilja enn síður mannvirki á svæðinu nú en áður. Ferðamenn leggja jafnframt megináherslu á að geta upplifað óraskaða náttúru og að geta gengið um svæðið án þess að sjá mannvirki.

Fyrirhuguð uppbygging þjónustu fyrir ferðamenn á nýju svæði sunnan við Norðurnámshraun er sögð vera gerð með það að markmiði „að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins“⁵. Með framkvæmdinni er hins vegar farið með mannvirki inn á svæði sem hingað til hefur verið óraskað og er í raun verið að byggja upp algjörlega nýtt þjónustusvæði á nýjum stað á hálendinu. Í landskipulagsstefnu 2015-2026 er lögð áhersla á að styrkja vernd víðerna og að raska þeim sem minnst, eða eins og segir í stefnunni: „Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja“⁶. Þar er fylgt fyrri stefnu, svæðisskipulags miðhálandisins frá árinu 1999⁷ að því leyti að takmarka uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu á fyrir fram skilgreindum svæðum og leggja megináherslu á að byggja upp ferðaþjónustu á jaðarsvæðum hálandisins. Ný þjónustumiðstöð norðan Námshrauns er ekki eitt af þessum svæðum og mikil rökleysa að

¹ Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2010). Planning nature tourism in Iceland based on tourist attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25-52.

² Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2021). Langtímarannsókn á ánægju ferðamanna í Landmannalaugum. *Tímarit um viðskipti og efnabagsmál*, 18(1), 1-20.

³ Anna Dóra Sæþórsdóttir og Hall, C.M. (2021). Visitor satisfaction in wilderness in times of overtourism: A longitudinal study. *Journal of Sustainable Tourism*, 29(1), 123-141.

⁴ Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson og Margrét Wendt (2020). *Viðborf ferðamanna í Landmannalaugum: Samanburður árána 2000, 2009 og 2019*. Land- og ferðamálafræðistofa.

⁵ Landmótun. (2019). *Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum: Drög að tillögu að matsáætlun*, bls. 8.

⁶ Skipulagsstofnun. (2016). *Landskipulagsstefna 2015-2026*, bls. 13.

⁷ Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. (1999). *Miðhálandi Íslands: Svæðisskipulag 2015, greinargerð*.

segja að núverandi þjónustusvæðið Landmannalauga nái þangað í ljósi þess að það er í um 3,5-4,0 km fjarlægð á milli svæðanna.

Fyrirhugað byggingarsvæði þjónustuhúss við Norðurnámshraun er vissulega ekki óbyggð víðerni samkvæmt lagalegri skilgreiningu hugtaksins þar sem vegurinn um Fjallabaksleið nyrðri liggur þar hjá. Víðerni eru hins vegar einnig huglæg þ.e. með hliðsjón af því hvort að ferðamenn upplifi svæði sem slík. Rannsóknir mínar sýna að rúmlega 90% ferðamanna í Landmannalaugum upplifa að víðerni séu hluti af aðdráttaraflí svæðisins. Það er þrátt fyrir þann fjölda ferðamanna sem heimsækir svæðið og þau mannvirki sem eru í Landmannalaugum. Fjöldi ferðamanna og núverandi byggingar í Landmannalaugum eru því þannig afmarkaðar á þjónustusvæðinu að þær virðast ekki trufla stærsta hluta ferðamanna sem sækja svæðið heim. Með nýrri þjónustumiðstöð sem er ekki nema í um 4 km fjarlægð stækkar það svæði til muna þar sem huglæg víðerni er ekki að finna.

Ljóst er að víðerni og ósnortin náttúra eru helsta aðdráttarafl Landmannalauga og að aukin uppbygging á svæðum innan friðlandsins ógnar þeim verðmætum. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa alla uppbyggingu á takmörkuðu svæði en ekki dreifa henni víðar um friðlandið. Sannarlega þarf að bæta núverandi innviði og þjónustu en það er mjög vel hægt að gera án þess að raska ósnortnum svæðum frekar en nú þegar hefur verið gert.

Fyrirnefndar rannsóknir mínar sýna að það sem einkum dregur úr ánægju gesta með upplifun sína á Landmannalaugum sé sá mikli fjöldi ferðamanna sem þar er en tæplega helmingur þeirra ferðamanna sem koma í Landmannalaugar finnst vera of margir ferðamenn á svæðinu. Nýtt þjónustusvæði á nýjum stað gæti stuðlað að enn frekari fjölgun ferðamanna á friðlandinu og þar með dregið enn frekar úr ánægju gesta.

Uppbygging nýs þjónustusvæðis í jaðri Norðurnámshrauni myndi auka umhverfisáhrif ferðamennsku á friðlandið því að með því að færa hana þangað upphefst sama uppbygging og þróun og hefur átt sér stað á undanföllum áratugum í Landmannalaugunum sjálfum. Þar sem að ferðamenn safnast saman myndast álag á gróður og jarðminjar og því ljóst að ferðamenn munu fara að ganga inn á og um Norðurnámshraun á sama hátt og hefur nú þegar gerst við Laugahraun út frá núverandi þjónustusvæði. Engar forsendur eru fyrir því að álagið á núverandi þjónustusvæði í Landmannalaugum muni minnka þrátt fyrir að nýtt svæði verði byggt upp. Einnig er hætt á að með nýrri þjónustumiðstöð yrði pressa á að opna svæðið fyrir en nú er til þess að auka tekjur af svæðinu. Það myndi aftur auka álagið á svæðið enn frekar og raska umhverfinu enn meira en orðið er.

Hálendi Íslands og þá sér í lagi víðerni þess eru mjög viðkvæm auðlind og verður að fara mjög varlega í að nýta hana frekar fyrir ferðamennsku og útivist. Hálendið á undir högg að sækja því það hefur gengið mjög hratt á þessa auðlind undanfarna áratugi og ef ekki er spornað við, gæti auðlindin gengið til þurrðar.

Anna Dóra Sæþórsdóttir,
prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
netang skipulag@skipulag.is

Álftaveri, 11. nóvember 2021

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) hafa kynnt sér matsáætlun vegna þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum, sem auglýst er á heimasíðu Skipulagsstofnunar með athugasemdafrest t.o.m. dagsins í dag. Eftirfarandi athugasemdir óska samtökin eftir að tekin verði til alvarlegrar skoðunar og benda jafnframt á að innsendar athugasemdir þeirra við drög að tillögu að matsáætlun í nóvember 2019 er ekki að finna í skjalinu, þrátt fyrir staðfestingu starfsmanns Landmótunar á móttöku þeirra, og er það miður.

NSS fagna því að hin fyrirhugaða þjónustumiðstöð skuli háð mati á umhverfisáhrifum og vona að með því takist að velja þær skynsamlegustu leiðir sem kostur er varðandi aðstöðu fyrir ferðamenn og aðra gesti í Landmannalaugum, með virðingu fyrir náttúrunni og verndargildi svæðisins sem forsendu og að leiðarljósi. Á þessu stigi máls benda samtökin á nokkra þætti sem þau telja ástæðu til að skoða sérstaklega, og eru fyrirnefndar athugasemdir frá 2019 hluti þeirra.

Friðland að Fjallabaki

Þeirri staðreynd að Landmannalaugar eru innan Friðlands að Fjallabaki þarf að mati NSS að gera betri skil en raunin er. Samtökunum þykja furðu sæta hve lítilla er fjallað um friðlýsinguna í drögunum, en náttúruverndarsvæðið Friðland að Fjallabaki var friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354 árið 1979 og hefur Umhverfisstofnun lögum samkvæmt yfirumsjón með því. Um friðlandið gilda m.a. reglur um mannvirkjagerð, efnistöku og annað jarðrask, sem í auglýsingunni eru tilteknar, og gera þarf grein fyrir í matsáætluninni. Þá þarf að gera grein fyrir réttaráhrifum friðlýsingarinnar skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013, sem og öðrum ákvæðum þeirra sömu laga er að svæðinu lúta.

Þá benda NSS á að ríkisstjórn Íslands samþykkti í september 2011 að bæta Torfajökulssvæðinu, sem Friðland að Fjallabaki með Landmannalaugar tilheyrir, á yfirlitsskrá Íslands með tilnefningu til heimsminjaskrár UNESCO í huga. Um fjöllun um það og þýðingu þess fyrir svæðið skortir í drögunum. Sjá <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2011/09/20/Torfajokulssvaedidverdi-tilnefnt-til-heimsminjaskrar-UNESCO/>

NSS benda sömuleiðis á að Landmannalaugar eru þjóðlenda, sem þýðir að íslenska ríkið fer með eignarhald á landinu, þótt sveitarfélagið Rangárþing ytra hafi þar ákveðinn nytjarétt er snýr að sauðfjárbætur og veiðum.

Að þessu sögðu lýsa NSS furðu sinni á því að sveitarfélagið Rangárþing ytra hyggist standa fyrir byggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum, en þykir eðlilegra að Umhverfisstofnun sem umsjónaraðili friðlandsins dragi vagninn og beri þá ábyrgð sem til er ætlast af stofnuninni.

Hvað skipulagsmál (-„skyldu“) varðar benda NSS á að skv. 3. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er fjallar um stjórn skipulagsmála, segir í 3. tölulið: *Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum.* Í lögnum er ekkert sem skýrir stöðu sveitarfélagsins Rangárþings ytra við gerð þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum. NSS telja rétt að haldbær rök verði færð fyrir forystu sveitarfélagsins um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum; ellegar beri Umhverfisstofnun að taka hana yfir.

Í mars 2021 undirritaði umhverfis- og auðlindaráðherra stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki, en fulltrúar Rangárþings ytra og Náttúrufræðistofnunar áttu fulltrúa í þeirri vinnu ásamt Umhverfisstofnun. NSS þykir undarlegt að ekki sé tekið tillit til eða fjallað um stjórnunar- og verndaráætlunina í matsáætluninni, né heldur nefnt að Umhverfisstofnun sé leyfisveitandi, þótt stofnunin hafi þar skýrt hlutverk. Markmiðið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki var að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess. Einnig er markmiðið að stjórnendur friðlandsins og aðrir opinberir aðilar nái sem best að uppfylla skyldur sínar á sama tíma og aðgerðir þeirra styðji notendur svæðisins við að ná sínum markmiðum, sér og friðlandinu til hagsbóta. NSS tekur undir þau orð í umræddri áætlun að mikilvægt sé að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlana.

Þjónusta við ferðamenn

NSS benda á að gera þarf stefnu um ferðamennsku í Landmannalaugum góð skil, en um fjölsóttasta ferðamannastaðinn á hálendi Íslands ræðir. Vakin er athygli á mjög alvarlegri mótsögn í matsáætluninni, en á bls. 8 segir: *„Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa aðstæður í Landmannalaugum sem draga úr álagi af völdum ferðamanna og bæta um leið þjónustu við ferðamenn á svæðinu.“*

Skv. matsáætluninni virðist ætlunin vera að fjölga skálagistiplássum úr 78 (eða 85; misræmi er innan matsáætlunarinnar hvað það varðar) í 120, en samtökin benda á að gistirýmin í skála Ferðafélags Íslands virðist vanta í síðari töluna, sem þá verða um 200 ef rétt er skilið. Þá verði þjónustan enn aukin með manngerðri 156 m³ laug.

Raunin er hins vegar sú að þjónusta dregur að sér þjónustusinnaða ferðamenn, en bægir frá hinum náttúrusinnuðu. Þeir fyrrnefndu valda hins vegar meira álagi á umhverfið; eru síður meðvitaðir um

virðingu fyrir náttúrunni og viðeigandi umgengni. NSS telur augljóst að framkvæmdir skv. matsáætlun séu líklegar til að hafa áhrif til aukningar fjöldaferðamennsku og telur það geta haft mjög neikvæð áhrif

á svæðið, sem síðustu ár eða áratugi hefur verið umfram þolmörk. NSS telja útfærslu á mati framkvæmda á þolmörk svæðisins vera algerlega ófullnægjandi og bendir á að betur þarf að gera hvað það varðar. Við mat á umhverfisáhrifum fyrir þjónustumiðstöð í Landmannalaugum leggur NSS til að færustu sérfræðingar verði fengnir til að leggja fram tillögur um m.a. leiðir til stýringar ferðamanna og gera grein fyrir ákjósanlegum hámarksfjölda þeirra á hverjum tíma.

Valkostir við uppbyggingu

Um valkosti við uppbyggingu er fjallað á bls. 24 í matsáætluninni, og að það val hafi þegar farið fram í vinnu við sameiginlega stefnu Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps um skipulag ferðaþjónustu og samgöngur á Fjallabakssvæðinu. Er hér átt við hið svokallaða rammaskipulag um Suðrhálendið, sem sett var fram af þessum sveitarfélögum 2013-2014. Þar átti sameiginleg stefnumörkun sér þeirra stað, en þar sem rammaskipulag hefur ekki lögformlega stöðu sem skipulagsplagg og hefur ekki verið meðhöndlað sem slíkt, benda NSS á að staðarval til uppbyggingar í Landmannalaugum getur ekki verið útkjál. Val á milli kosta ætti þ.a.l. að fara fram nú, í mati á umhverfisáhrifum, og frá því skýrt í matsáætlun.

Þá gera NSS athugasemd við það að ekki sé gert ráð fyrir núllkosti sem valkosti og telur jafnframt nauðsynlegt að skoðuð verði útfærsla þar sem stýring ferðamanna verði tekin traustari tókum, með takmörkun á gestafjölda í friðlandinu á einhverju formi sbr. framansagt.

NSS benda jafnframt á að ef farið verður að tillögunni sem unnið hefur verið með um þjónustumiðstöð mun þurfa undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar um fjarlægðir mannvirkja frá ám og vötnum.

Skv. matsáætluninni er lagt upp með að byggingasvæði nái yfir tvö aðskilin svæði, sem í sjálfu sér eykur sjónræn áhrif mannvirkja í Landmannalaugum til muna.

NSS benda á að úttekt þarf að fara fram á áhrifum þess að stækka hið manngerða svæði; huga sérstaklega að verndargildi sem og mögulegri skerðingu víðerna. Þar skal sérstaklega nefna áhrif á röskun líparítáraura Jökulgilskvíslar, sem hafa hátt verndargildi á bæði lands- og heimsvísu, sbr. skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. NÍ-14007. Segir þar orðrétt: *Ljósir líparítáurar Jökulgilskvíslar eru hinir mestu sinnar tegundar á landinu. Lengd þeirra er um 15 km frá Kaldaklofi að Tungnaá og breiðastir eru þeir við Sólvang, um 1400 m. Aurarnir eru einn af grunnþáttum þess landslags sem Landmannalaugar eru rómaðar fyrir.*

NSS leggja ríka áherslu á að skýra þarf hvað það er nákvæmlega sem stefnan er að vernda í Landmannalaugum og veldur því að valið er að breiða hið manngerða svæði svo mikið út sem raun ber vitni. Þær upplýsingar skortir alveg í matsáætluninni, en NSS benda á að stór hluti þess sem er á og við núverandi skálasvæði er manngert og hefur þegar verið raskað. Samtökin telja heillavænlegast

að halda sig innan þess ramma og skoða af heilum hug og kostgæfni þá leið að staðsetja þjónustumiðstöðina áfram við jaðar Laugahrauns. Þá telja NSS með öllu óforsvaranlegt að skipuleggja nýjan göngustíg í gegnum Námshraun; hraftinnuhraun frá nútíma er nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 – í því augnamiði að vernda meint náttúruverðmæti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir. Náttúruverndarlögin kveða á um að forðast skuli að raska jarðminjum sem njóta hinnar sérstöku verndar nema brýna nauðsyn beri til. Saga undanfarinna ára um inngrip í hraunin umhverfis Landmannalaugar, jafnvel án framkvæmdaleyfa, er ekki góð, og að mati NSS mál til komi að linni. Þótt nú sé lagt upp með „fljótandi göngustíga“, þá myndi alltaf þurfa að raska hrauninu að einhverju leyti til að koma þeim fyrir. **Að mati NSS þarf að sýna fram á það með mun meira afgerandi hætti en gert hefur verið til þessa að þörf sé á að færa og/eða dreifa úr hinu manngerða svæði í Landmannalaugum, sem og að færa haldbær rök fyrir því hvers vegna ekki er unnið með hið þegar raskaða svæði.**

NSS benda á að í umhverfismatinu þarf að gera grein fyrir því hvernig hægt er að útfæra alla göngustíga með þeim hætti að sem minnst sjónræn áhrif verði af þeim, þeir falli vel að landslaginu og séu þar sem því er við komið afturkræfir, þannig að hægt verði að leggja þá af án þess að skýr merki verði eftir þá.

Varnargarðar

NSS hafa miklar efasemdir um að bygging nýrra varnargarða og tilfærsla á ákveðnum kvíslum Jökulkvíslar geti talist vera umhverfisvænar lausnir. Samtökin benda á að rofhættu úr Norðurbarmi og Öldunni, austan Jökulgilskvíslar, þarf að skoða, verði sú leið farin að færa kvíslina frá Suðurnámnum. Bent er á að vatnagangur, t.a.m. í haustflóðum, sem og leysingum að vori, er gríðarlegur og því varhugavert að þrengja að kvíslinni. Gott dæmi um þessi flóð má sjá á myndbandi sem Katie Featherstone, fyrrum skálavörður Ferðafélags Íslands, tók haustið 2019 og finna má á eftirfarandi vefslóð: <https://www.facebook.com/featherytravels/videos/383207432570066/>

Efnisflutningar

NSS benda á að gera þarf grein fyrir fyrirkomulagi hinna umfangsmiklu efnisflutninga sem fyrirhugaðir eru „úr námum í nágrenninu“. Þar á meðal 4-5 þúsund rúmmetra af efni í grjótvörn, en grjótflytningur á friðlýstu svæði sem nýtur verndar vegna jarðfræðilegrar sérstöðu hlýtur að teljast í besta falli óheppilegur.

Ofanflóðahætta

NSS benda á að skoða þarf ofanflóðahættu úr Suðurnámi m.t.t. mannvirkjagerðar undir hlíðum hans. Starfsmenn og ferðamenn á svæðinu hafa alloft orðið varir við grjóthrun úr Námmum og líklega má telja lán að ekki hafi orðið alvarlegur skaði af.

Veðurfar

NSS benda á að úttekt þarf að gera á veðurfari á því svæði sem horft er til að færa þjónustuna á.

Áskorun til framkvæmdaraðila

Náttúruverndarsamtök Suðurlands vilja að endingu beina þeirri áskorun til framkvæmdaraðila að skoða betur – með opnum huga – þann möguleika að halda uppbyggingu innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað í Landmannalaugum. Að mati NSS er það langtum heillavænlegri kostur en að stækka hið manngerða svæði með tilheyrandi raski og bæri merki um virðingu fyrir náttúrunni og því einstaka svæði sem Torfajökulssvæðið í heild sinni er í jarðfræðilegu tilliti.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands



Ingibjörg Eiríksdóttir, varaformaður
netf. nssudurlands@gmail.com

Kollafirði 11.11.2021

Umhverfismat 2021 - Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum

Mér er svæðið sérlega kært og mun ég því gera nokkrar athugasemdir við tillöguna.

Ég var helsti hvatamaður þess að Friðland að Fjallabaki var stofnað og land/skálavörður í 6 ár, auk þess að vera með veiðimennsku innan friðlandsins í 11 ár. Ég þekki því landsvæðið mjög vel og ferðamennsku, þótt mikið hafi breyst í þeim efnum á síðustu árum.

Mín skoðun er að byrja þurfi á verndun náttúrunnar með fullnægjandi aðgerðum þannig að svæðið geti tekið á móti, þ.e. setja fjármuni í bráðnauðsynlegar verndaraðgerðir, þótt á einhverjum tímapunkti þurfi kannski að takmarka aðgang.

Í starfsskýrslum mínum sem landvörður benti ég ítrekað á þá nauðsyn að reisa þyrfti þjónustumiðstöð við Sólvang fyrir umferð um Fjallabaksleið nyrðri til að ferðamenn þyrftu ekki sérstaklega að koma í Landmannalaugar til að eiga stutt nestis-og salernisstopp. Ég er ótrúlega þakklát nú 40 árum seinna að af þessari framkvæmd varð **ekki** þegar skoðaðar eru tölur um gestafjölda og allt það óafturkræfa rask sem slík framkvæmd hefði haft á viðkvæmt umhverfið sem nú er komið í fyrsta áfanga í tilnefningu svæðis til heimsminjaskrár UNESCO.

Nauðsynlegt er að gera ýtarlega þarfagreiningu á svæðinu þannig að sú uppbygging sem þarf að fara fram til verndar skili tilætluðum árangri. Nauðsynlegt er að skilgreina og skipuleggja svæðið enn betur með tilliti til þarfa afar mismunandi gestahópa.

Sá aukni fjöldi ferðamanna svæðisins eru skv. meðfylgjandi- Langtímarannsókn á ánægju ferðamanna í Landmannalaugum- höfundur Anna Dóra Sæpórsdóttir, daggestir. Engar tölulegar upplýsingar eru í umhverfismatinu um tilgang né umferð daggestanna. Er það:

- a) eingöngu borða nestið sitt og fara á snyrtingu,

- b) fara í laugina
- C) ganga á Bláhnúk
- D) ganga styttri hring yfir Laugahraunið að Brennisteinsöldu
- E) eða hefja göngu Laugaveginna í Þórsmörk.

Einnig þarf upplýsingar um hvort daggestir séu að langstæðstum hluta á sama tíma dagsins í dvölinni. Ef svo er skapar það aukaálag á alla innviði.

Þegar þarfagreining er ekki unnin hlýtur skipulagið að verða mjög ómarkvisst.

Úr kafla 2.2.4. "Fullyrða má að þeir sem aðeins hafa skamma viðdvöl hafi takmörkuð áhrif á umhverfið og áhrifin takmarkast við afmarkað svæði. Þessu til stuðnings má vísa í viðhorfskönnun sem FÍ lagði fyrir um 500 gesti í Landmannalaugum sumarið 2012. Þar kom m.a. fram að innan við 20% daggesta varði meira en 4 stundum samtals í göngu um svæðið. Áhrif meginþorra hópsins ná því takmarkað út fyrir næsta nágrenni skálasvæðisins."

Þessu er ég ósammála, þessi stóri hópur sem fer hratt stækkandi miðað við tölur fyrri ára þarf stórt og gott þjónustuhús, góðar tveggja til fjögurra klukkustunda gönguleiðir ásamt góðum bílastæðum og hefur því mikil áhrif á umhverfið.

2.1. Tilgangur og markmið

Landmannalaugar eru fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendi Íslands og þangað koma yfir 130.000 ferðamenn á hverju ári. Landmannalaugar eru mótaðar af eldvirkni og jarðhita, landið er fjöllótt og einkennist af mikilli litadýrð allt frá ljósbleiku líparíti til biksvartrar hrafntinnu. Hraun og ár setja líka sterkan svip á landslagið og upp úr hraunbreiðunum rísa gróðurlítill líparít fjöll. Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa aðstæður í Landmannalaugum sem draga úr álagi af völdum ferðamanna og bæta um leið þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

Í dag er meginþjónustukjarninn undir Laugahrauni en lögð er áhersla á að færa meginþunga þjónustu norður fyrir Námshraun og dagaðstöðu norður fyrir Námskvísl og þannig hlífa viðkvæmu svæði við Laugahraun. Markmið framkvæmdarinnar er að styrkja ímynd Landmannalauga sem stórbrotið náttúrusvæði og þannig raska sem minnst náttúru og lífríki svæðisins. Fjöldi ferðamanna er mun minni en hér er vísað í, en raunverulegur fjöldi í töflum meðf. Langtímarannsóknaskýrslu.

Sérkennilegt er í ofangreindu hvernig á að draga úr álagi og bæta um leið þjónustu. Aukin þjónusta laðar að fleiri ferðamenn og eykur því álagið.

Með því að færa þjónustusvæðið norður fyrir Námshraun er einungis verið að raska ósnortnu svæði sem hætta er á að strax og þegar fram líða stundir hafi ófyrirséðar afleiðingar fyrir allt nærsvæði framkvæmdanna. Náttúrunni til tjóns.

Mín skoðun er sú að alls ekki eigi að færa og breiða út þjónustusvæðið með öllum þeim jarðröskunum sem því fylgja, auk þess sem mikil hætta er á að átroðslusvæðið stækki til mikilla muna frá því sem nú er, því engar gönguleiðir eru tilbúnar til að taka á móti þessum gestafjölda og því stórt viðkvæmt svæði í enn meiri hættu en nú er.

Mitt álit er að byggja þurfi upp svæðið við Námskvísl enn betur en gert er ráð fyrir, þarf því að verða meiri uppfylling og tilfærsla á jarðefni þar. Uppfylling þarna yrði þó mun efnisminni en samanlagt allar þær uppfyllingar sem ráðgerðar eru við tilfærslu þjónustusvæðisins norður fyrir Námshraun.

Kalt og heitt vatn er nánast við bæjarhornið við Námskvísl, eru því lagnaleiðir og vatnsmöguleikar mun einfaldari en þær flóknu aðgerðir sem ráðast yrði í við Námshraun. Enda engin raunveruleg útfærsla þar að lútandi í matsáætluninni.

Gestastofa sem þar er ætluð þyrfti að verða mun stærri og í raun rúma stóran hluta þeirrar starfsemi sem áætluð var í þjónustumiðstöð á áreyrunum við Námshraun. Góð nestisaðstaða í öllum veðrum og stór snyrtiaðstaða. Fáir daggestir nýta sér sturtur í tengslum við laugaferðina, því þarf vart að huga að sturtuaðstöðu. Þá væri dásamlegt að sleppa þeirri verslun sem þar er fyrirhuguð. Við erum jú á hálendinu og slík upplifun á þar ekki heima.

Bílastæðin þurfa auk þess að stækka, enda yrðu bílastæði alls svæðisins þarna.

Þetta svæði yrði ákjósanlegt fyrir allan fjölda daggesta þegar samhliða væru gönguleiðir a) gegnum Laugahraunið að Brennisteinsöldu og b) jafnvel við Bláhnúk enn betur gerðar til að taka á móti gestum.

Landvarsla.

Núverandi vöktun **alls** friðlandsins er ein og hálf landvarðarstaða. Því er enn og meiri ástæða til að byggja aðal þjónustusvæðið

(þar sem allir gestir Landmannalaugasvæðisins fara um) á einum og sama staðnum.

Ég hef mjög góð kynni af hörkuduglegum landvörðum, en að ætla vöktun í gestastofu við Námskvísl, Þjónustumiðstöð við Námshraun, gönguleiðir hér og þar, hreinsun og eftirlit við Laugina, ásamt almennri landvörslu á stóru svæði alls friðlandsins er ekki fallið til góðs árangurs. Því er enn og meiri nauðsyn á að allt þjónustusvæðið sé á einum stað við Námskvísl.

*Ég tel því að framkvæmdirnar gætu orðið mun hagkvæmari með tilliti til alls jarð- og gróðurasks, kostnaðar og **félagslegrar upplifunar** ef..*

hætt yrði við uppbygginguna Námshraun/ Sólvangur og alla gönguleiðina þaðan inn í Landmannalaugar með tilheyrandi raski í gegnum Námshraun skýrslu frá Náttúrufræðistofnunar og gífurlegri uppfyllingu í bröttum skorningi með akvegi í Suðurnámum.

Námshraun/Sólvangur ókostir.

Skálasvæði. Gert er ráð fyrir að fá rafmagn annaðhvort frá Sigöldu eða úr Snjóöldulínu. En ekkert enn ákveðið í matsskýrslu.

Við þær framkvæmdir yrði Friðlandið illilega rist í sundur.

Hugsanlega væri hægt að leita betur annarra sjálfbærari leiða.

Einnig er gert ráð fyrir að skálarnir við Námshraun verði hitaðir með hitaveitu úr Landmannalaugum.

Ekki hefur verið kannað hvort það sé raunhæfur möguleiki.

Enn hefur heldur ekki verið ákveðið hvaðan kalda vatnið á að koma.

Því miður efast ég um þessar heita og kaldavatnsveitur án þess að til komi mjög mikið jarðrask og dælingar.

En hver á svo að gæta vatnskerfis og annarra mannvirkja á vetrum þegar snjóbingirnir liggja ofan á húsunum.

Það er gert ráð fyrir miklum varnargörðum við Námshraun, Námskvísl og í göngu-og lagnaleið meðfram akvegi í Suðurnámum.

Samtals eru áætlaðir 9.300 M3 af grjóti og mól í þessar framkvæmdir.

Þar af um helmingur grjót sem sækja á í Sigöldu um 25 km leið eða lengra. Ekki kemur fram í matsskýrslu hvert á að sækja grjótið. Þetta

eru um 390 vörubílhöss sem aka þyrfti á hálendisvegi sem er lélegur efyrir slíka þungaflutninga.. Hinn helmingurinn yrði möl sótt í árfarveg Jökulgilskvíslar. **Samanlagt magn efnisflutningana svarar til 775 vörubílahlassa.**

Laugarnar og núverandi skálasvæði

Í frásögnum liðinna tíma er getið um Landmannalaugar sem gróðurvin á hálendinu. Þessa gróðurvin ber okkur skylda til að vernda, búsvæði fugla og ríkuleg fjölbreytt fána.

Áætlaður göngustígur frá Námskvísl að Lauginni er yfir viðkvæmasta og fjölbreyttasta gróðurfarið á Laugasvæðinu. Mikil sjónmengun og hætta á átroðslu skapast við þessa stígagerð. Tvímælalaust þarf hlífa þessu ósnortasta gróðurlendi.

Varla er þörf á að hafa samfelldan göngustíg yfir mýrina frá Námskvísl að skála Ferðafélagsins, Önnur gönguleið á að anna þeirri umferð, sú gönguleið væri betri á gömlum malaruppgreftri austan við mýrina.

Tillögurnar byggja mikið á að útsýni þeirra sem eru í lauginni hverju sinni skerðist ekki inn í Jökulgilið, því á að fjarlægja bestu núverandi snyrtiaðstöðu (salerni, sturtur, þurrkaðstaða) hálendisins.

Hvergi er getið um að endurbæta garð (stíflu) í lauginni sem er kominn til ára sinna og því orððinn lúinn.

Við þá endurgerð er hægt að stækka laugina nokkuð til norðurs og njóta útsýnis betur án þess að rífa fyrrnefnt snyrtihús.

Skýli við laugina ????? Það skerðir útsýnið !!! Stemmingin við að baða sig í náttúrlaug er að hluta til að háttá sig við bakkann, því þarf ekki skýli. En nauðsynlegt að hafa pall með lágum bekkjum og gegnsærri grind til að hengja fötin sín. Sá pallur sem ráðgerður er austan við Laugina yrði betur staðsettur heldur sunnar, þar er meira vatnsflæði, hægt að velja um heitari eða kaldari staði og baðgestir dreifast betur um Laugina.

4 starfsmannaskálum sem ráðgerðir eru við Námshraun ættu að vera á skálasvæði sem væri komið fyrir á manngert svæði suðaustan við skála Ferðafélagsins við hraunið., Á þessu svæði er bæði heitt og kalt vatn, mjög stuttar lagnaleiðir.

Útlit skálanna gæti hugsanlega verið í samræmi við gamla gangnamannakofan sem er uppi í hrauninu og fellur vel inní landslagið. Tjöldun yrði á melunum í kring þar sem nú er hesthús .

Kostir þessa eru að hægt er að nýta núverandi snyrtiaðstöðu og þjónustusvæði fyrir tjald-og skálagesti áfram, þótt útliti yrði breytt í samræmi við aðra uppbyggingu. Þar er nú stór og mikil rotþró sem og heitt og kalt vatn.

Ekki þyrfti að byggja viðbyggingu við skála F.Í. fyrir snyrtingu með nýrri rotþró.

Við allar framkvæmdir í Landmannalaugum þarf að hafa hugfast að svæðið er viðkvæmt hálendisvæði með mjög háa grunnvatnsstöðu þar sem sérstaklega erfitt er að grafa í leirinn og mikið rask sem fylgir hverri nýrri rotþró. Bílaumferð yrði takmörkuð eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu.

Lokaorð

Þeir gestir sem koma og velja ósnortna náttúru og kyrrð dvelja almennt lengur en 4 klst á svæðinu, gista í tjöldum eða skála, eða ganga áfram m.a. Laugavegin. Við áður nefndar tillögur mínar er ólíkum hópum ferðamanna sinnt vel með sérþarfir hvors hóps í fyrirrúmi.

“Stærstur hluti ferðamanna sem kom í Landmannalaugar var ánægður með upplifun sína, aðstöðu og þjónustu og var það í samræmi við niðurstöður úr fyrri könnun t.d. Önnu Dóru og Ferðamálastofu 2012 þar sem Landmannalaugar komu best út allra staða hvað varðar heildarupplifun ferðamanna.”

Sérstök hálendisstemming hefur fylgt Laugasvæðinu sem er einstök og ber að hlúa að með fyrrnefndum tillögum.

Með Námshrauns/Sólvangs deiliskipulagstillögunni eru mjög ólíkir hópar ferðamanna hvort sem um er að ræða mikinn fjölda daggesta, eða t.d. göngufólk með tjöld, auk allra starfsmanna svæðisins inni á tiltölulega litlu svæði. Með þessu er einfaldlega verið að færa óskipulögðu kösina sem verið hefur í Landmannalaugum á annan stað með öðru skálaútliti. Að stæstu leyti er verið að auka gistirými á svæðinu um 120 og er það hrein viðbót við gistirými F.Í. sem eru 78. Einnig óttast ég að Landmannalaugasvæðið tapi sínum

hálandiseinkennum með gerð annarar baðlaugar (eftirlíking af náttúrulegum ?)

Þeir sem þarna myndu dvelja eru heldur ekki að njóta þess stórkostlega útsýnis sem Laugasvæðið býður uppá.

Finnst mér að leggja þurfi mun meiri vinnu í fyrirhugaðar breytingar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Mér finnst miður að hvergi sé minnst á samráð við land-og skálaverði né sem hagsmunaaðila og umsagnaraðila. Þetta er þó það fólk sem búið hefur á svæðinu í mislangan tíma og hefur bæði ómetanlega þekkingu og áhuga á verndun svæðisins.

Framkvæmdaraðili er RY og samræmist það ekki þeirra hlutverki á friðlandi.

Hvergi er minnst á nefnd til ráðuneytis um stjórn friðlandsins sbr. Auglýsingu um friðland að Fjallabaki 354/1979

Forðið Landmannalaugasvæðinu frá stórkostlegu umhverfisslysi.

Þegar ráðast á svo mikilfenglegar og kostnaðarsamar framkvæmdir þurfa þær að vera til bóta fyrir náttúruna og þeirra sem hennar ætla að njóta.

Ég tel að sú grundvallar ákvörðun um að flytja alla þjónustu frá Laugasvæðinu sé ekki í samræmi við stórkostlegt umfang aðgerðanna.

Kostnaður skattgreiðenda getur orðið gífurlegur og gæti nýttst betur til verndaraðgerða á öllu Friðlandinu og Laugaveginum.

Ég hef enga fjárhagslega né félagslega hagsmuni á svæðinu, náttúruvernd og gott samfélag eins og leiðarljós friðlýsingarinnar er, eru áfram mín baráttumál.

Með virðingu og vinsemd,
Sigríður Ingólfssdóttir kt. 070755 4599
oft nefnd "mamma Friðlandsins"

Ég er tilbúin til viðtals v. þessa ef óskað er.
s. 896689